

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarn-
arlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 155/1968. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Kristni Marínó Gunnarssyni

(Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Lögreglumennirnir Ívar Pétur Hannesson og Björn Ey-
steins Kristjánsson hafa eftir áfrýjun málsins komið fyrir
dóm og staðfest skýrslur um sakaratriði.

Héraðsdómari hefur vottað, að varðhaldsrefsingu sam-
kvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1959 hafi með
náðun 5. október 1963 verið breytt í sekt, er ákærði hafi greitt
á árinu 1964, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm-
inn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með
talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda
síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Marinó Gunnarsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. marz 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 20. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 203/1968: Ákærvaldið gegn Kristni Marinó Gunnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. þ. m., gegn Kristni Marinó Gunnarssyni bifvélavirkja, Höfðaborg 9 hér í borg, fæddum 23. ágúst 1934 á Akureyri, „fyrir að aka þriðjudagsnóttina 30. janúar 1968 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 4943 frá Bifreiðaverkstæðinu Múla við Suðurlandsbraut í Reykjavík, eftir Múlavegi og Þvottalaugavegi að Reykjavegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Aðfaranótt þriðjudagsins 30. janúar s.l. ók ákærði bifreið frá Bifreiðaverkstæðinu Múla við Suðurlandsbraut um Múlaveg og Þvottalaugaveg að Reykjavegi. Þar komu lögreglumenn að honum í bifreiðinni, og þar sem þeim virtist ákærði mundu vera með áfengisáhrifum, tóku þeir ákærða og færðu hann á lögreglustöðina og síðan til blóðtöku. Í blóði hans reyndust reducerandi efni, er svara til 1.33‰ af alkóhóli. Ákærði kannast við, að hann hafi neytt áfengis, áður en hann ók bifreiðinni. Þó telur hann sig ekki hafa fundið áfengishrif að marki, kannske þó einhverja smábreytingu.

Með akstri bifreiðar í því ástandi, er nú hefur verið lýst, hefur

ákærði unnið til refsingar samkvæmt þeim ákvæðum, sem talin eru í ákæru.

Ákærði hefur áður sætt þessum refsidómum:

- 1952 14/3 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegningarlaga. Svíptur ökuleyfi 2 ár.
- 1955 22/2 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 248. og 254. gr. hegningarlaga. Svíptur ökuleyfi ævilangt.
- 1956 9/11 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244., 248. og 259. gr. alm. hegningarlaga. Svíptur rétti til ökuleyfis ævilangt.
- 1959 23/1 20 daga varðhald, svíptur rétti til ökuleyfis ævilangt fyrir brot gegn áfengis- og umferðarlögum.

Ákærða hefur síðar verið veitt ökuleyfi af nýju. Hinn 3. febrúar s.l. var hann svíptur því til bráðabirgða.

Refsing ákærða verður ákveðin varðhald 15 daga.

Svípta ber ákærða ökuleyfi sínu ævilangt frá 3. febrúar s.l. að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga nr. 82/1961 ber að ákveða, að áfrýjun fresti eigi framkvæmd ökuleyfissviptingarinnar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Marínó Gunnarsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er svíptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 3. febrúar 1968 að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dóms-ákvæðis.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.
